

rétt til að vinna með slíkum tækjum, sem eru viðurkenndir til þess hæfir af véla- **62**
nefnd ríkisins. Kostnaður samkvæmt 11. og 12. gr. greiðist úr ríkissjóði. **25. maí**

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Þórður Eyjólfsson.
(L. S.)

Hermann Jónsson.

L Ö G

63

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lánveitinga til Sogs- og Laxárvirkjana
og til lántöku vegna sömu fyrirtækja. **25. maí**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki
voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að lána Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni í Þing-
eyjarsýslu allt að 2 millj. Bandaríkjadollara af framlögum frá efnahagssamvinnu-
stjórninni í Washington með þeim skilmálum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlega,
og gegn þeim tryggingum, er hún tekur gildar.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 26 millj. króna lán eða jafnvirði þeirrar
fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni, allt
með þeim kjörum, er ríkisstjórnin ákveður, og gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin
tekur gildar.

Lánveiting til Laxárvirkjunar er þó bundin því skilyrði, að samningar um sam-
eign og framkvæmd viðbótarvirkjunar Laxár takist milli ríkisstjórnarinnar og Akur-
eyrarbæjar á sama grundvelli og samið hefur verið milli ríkisstjórnarinnar og Reykja-
víkurbæjar um viðbótarvirkjun Sogsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Þórður Eyjólfsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.